

Rafræn ársskýrsla

HAFNASAMLAGS NORÐURLANDS FYRIR STARFSÁRIÐ 2023

26. Aðalfundur Hafnasamlags Norðurlands bs

MÍÐVIKUDAGINN 8. MAÍ 2023



DAGSKRÁ

SKÝRSLA STJÓRNAR
ÁRSREIKNINGUR 2023

KYNNING Á FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

KYNNING Á FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2024

ÖNNUR MÁL

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta		1.320.571.695	936.949.359
Leigutekjur		74.448.840	65.329.924
Aðrar tekjur		210.241	493.055
		<u>1.395.230.776</u>	<u>1.002.772.338</u>
Rekstrargjöld			
Rekstur hafnarmannvirkja		(124.357.299)	(93.403.565)
Rekstur annarra eigna		(62.263.675)	(32.658.728)
Hafnavarsla, skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(564.639.268)	(454.835.597)
Afskriftir fastafjármuna	5	<u>(97.126.935)</u>	<u>(96.643.968)</u>
		<u>(848.387.177)</u>	<u>(677.541.858)</u>
Rekstrarhagnaður			
		<u>546.843.599</u>	<u>325.230.480</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	<u>(4.432.108)</u>	<u>(29.570.693)</u>
Hagnaður ársins		<u>542.411.491</u>	<u>295.659.787</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Fasteignir og lóðir	5	359.723.847	291.845.389
Hafnamannvirki	5	1.621.287.476	1.559.770.503
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki	5	186.478.170	191.725.809
Eignarhlutir í félögum	6	2.250.000	4.250.000
		<u>2.169.739.493</u>	<u>2.047.591.701</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	74.241.936	61.534.885
Aðrar skammtímakröfur	7	2.398.272	1.634.278
Viðskiptareikningur aðalsjóðs		722.817.811	296.870.427
Handbært fé		18.219.795	22.987.329
		<u>817.677.814</u>	<u>383.026.919</u>
Eignir		<u>2.987.417.307</u>	<u>2.430.618.620</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2023 framh.

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	8		
Eiginfjárreikningur		2.680.468.674	2.138.057.183
		<u>2.680.468.674</u>	<u>2.138.057.183</u>
Eigið fé			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	9	269.593.244	263.120.502
		<u>269.593.244</u>	<u>263.120.502</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	9	13.337.345	11.712.494
Aðrar skammtímaskuldir	10	24.018.044	17.728.441
		<u>37.355.389</u>	<u>29.440.935</u>
Skuldir		<u>306.948.633</u>	<u>292.561.437</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>2.987.417.307</u></u>	<u><u>2.430.618.620</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023



	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		542.411.491	295.659.787
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap eignarhluta í öðrum félögum		964.215	0
Afskriftir	5	97.126.935	96.643.968
Verðbætur af langtímalíðum		20.543.040	22.849.638
Veltufé frá rekstri		661.045.681	415.153.393
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		(7.181.442)	8.050.193
Handbært fé frá rekstri		653.864.239	423.203.586
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	5	(221.274.727)	(121.772.507)
Viðskiptareikningur Aðalsjóðs, breyting		(425.947.384)	(274.590.599)
Keyptir/seldir eignarhlutir í félögum	6	1.035.785	0
		(646.186.326)	(396.363.106)
Fjármögnunarahreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(12.445.447)	(10.844.378)
		(12.445.447)	(10.844.378)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(4.767.534)	15.996.102
Handbært fé í upphafi árs		22.987.329	6.991.227
Handbært fé í lok árs		18.219.795	22.987.329

Kynning á fjárhagsáætlun HN 2024

Rekstrarreikningur	
Rekstrartekjur	
Útsvar og fasteignaskattur.....	0
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	0
Aðrar tekjur.....	1.350.540
	1.350.540
Rekstrargjöld	
Laun og launatengd gjöld.....	497.095
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	0
Annar rekstrarkostnaður.....	325.920
	823.015
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	527.525
Afskriftir.....	(107.348)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	420.177
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	0
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	24.492
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(30.101)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0
Gengismunur.....	0
	(5.609)
Rekstrarniðurstaða	414.568




Framkvæmdaáætlun HN 2024

Framkvæmdaáætlun 2024	Heildar kostnaður án vsk	Hluttur Hafnasamlags Norðurlands	Hluttur Hafnabótasjóðs	Framkvæmdartími
Torfunefsbyggja kantur, flutt frá árinu 2023	45.000.000	18.000.000	27.000.000	Mars til maí 2024
Hrísey þekja	24.000.000	6.000.000	18.000.000	Vor 2024
Torfunefsbyggja, þekja	95.000.000	95.000.000	0	Haust 2024
Torfunefsbyggja lagnir	43.000.000	43.000.000	0	Haust 2024
Torfunefsbyggja, veituhús og stúka	150.000.000	150.000.000	0	Haust 2024
Endurnýjun á vörubifreið og keyptir fenderar	22.000.000	22.000.000	0	Janúar 2024.
Ný skemma fyrir starfsemi HN, undirbúningur	30.000.000	30.000.000	0	Haust 2024
Þjónustuhús á Tangabryggju, undirbúningur	10.000.000	10.000.000	0	Vetur 2024
Dysnes, rannsóknir og undirbúningur	30.000.000	30.000.000	0	Allt árið 2024
Rafvæðing skemmtiferðaskipa við Torfunefsbyggju, undirb.	25.000.000	25.000.000	0	Haust 2024
Samtals	474.000.000	429.000.000	45.000.000	




**Tölulegar staðreyndir
2000 *til* 2023**


Vöruflutningar til Akureyrar frá 2000 til 2023




Flutt olía til Akureyrar 2000 til 2023




Strandsiglingar frá 2013 til 2023




Skipakomur til Akureyrar 2000 til 2023




Löndun sjávarafla – Hafnasamlag Norðurlands




Landaður sjávarafli milli hafna samlagsins




Löndun sjávarafla - Akureyri




Löndun sjávarafla - Grímsey




Löndun sjávarafla - Grenivík




Löndun sjávarafla - Hrísey




Lestargjöld frá 2001-2023




Bryggjugjöld frá 2001-2023




Vörugjöld frá 2001-2023




Aflagjöld frá 2001-2023




Leigutekjur á verðlagi hvers árs



Heildar fjöldi brúttólesta skemmtiferðaskipa frá 1995



Tekjur hafnarinnar vegna skemmtiferðaskipa



Fundargerðir 279.- 287. fundar



Fundargerð 279. fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudagur 10. maí 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Þróstur Friðfinnsson og Sverre Jakobsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi frá Akureyrarsókn.

Tekið fyrir erindi dagsett 18. apríl s.l. frá Akureyrarsókn. Í bréfinu er óskað eftir stuðningi til að hafa Akureyrarkirkju meira opna fyrir ferðamenn sumarið 2023. Stjórn HN samþykkir að veita sóknarnefnd 300.000 kr. til verkefnisins.

2. EPI umhverfiseinkunnarkerfi.

Hafnastjóri kynnti EPI umhverfiseinkunnarkerfi sem höfninni stendur til boða að taka í notkun í sumar. Stjórn HN samþykkir að fela hafnastjóra að innleiða kerfið.



3. Dysnes.

Tekið fyrir erindi dagsett 10. maí 2023 frá SSNE. Frá upphaflegum hugmyndum sem kynntar voru hafnastjórn í febrúar s.l. hefur verið unnið síðustu vikur að nánari úrfærslu verkefnisins m.a. með það fyrir augum að tryggja að litið sé til bestu mögulegu tækni til að lágmarka hugsanlega umhverfismengun, ólykt og ónæði sem gæti haft áhrif á aðra atvinnustarfsemi á svæðinu og næsta umhverfi iðnavæðisins. Verkefnið hefur verið brotið upp í fasa og er m.a. horft til þess að uppbygging hefjist innan lands HN við Dysnes en vaxi til norðurs inn á ríkisjörð sem liggur upp að Dysnesi. Aðkoma ríkisins að verkefninu mun skýrast á næstu vikum en ljóst er að verkefnið nýtur velvilja ríkisins. Stjórn HN ítrekar fyrri bókun varðandi verkefnið og sér ekkert því til fyrirstöðu að Dysnes verði áfram skoðað sem fyrsti valkostur.

4. Önnur mál.

a) Vetvangskönnun.

Farið um hafnarsvæðið á Akureyri og staða framkvæmda skoðuð.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.15

Fundargerð 280. fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 9. ágúst 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun HN fyrir 2024.

Hafinn er undirbúningur vegna vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs. Hafnastjóri kynnti horfur í rekstri og framkvæmdaþörf.

2. Skemmtiferðaskip til hafna Hafnasamlags Norðurlands 2023

Almennt hefur þjónusta HN vegna komu skemmtiferðaskipa til hafna samlagsins gengið vel það sem af er sumri. Sú nýlunda er að Hafnasamlagið hefur samið við EPI (Environmental Port Index) í Noregi sem mælir umhverfisspor skemmtiferðaskipa. Í sumar verður safnað gögnum frá skipunum og stefnt er að því um leið og lögum verður vonandi breytt í vetur muni höfnum verða heimilt að veita íviljanir eða beita álögum eftir umhverfisspori skipanna. Eru bundnar miklar vonir við þetta kerfi. Jafnframt er unnið að því hörðum höndum að hægt verði eins fljótt og kostur er að tengja minni skemmtiferðaskip við rafmagn.

3. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnastjóri fór yfir stöðu verklegra framkvæmda.

4. Færsla sementssílóa í Krossanes.

Stjórn HN gerir ekki athugasemdir við uppsetningu sílóa vegna sements og asfalts í Krossanesi á vegum Skútabergs ehf. í samræmi við framlagðar teikningar.

5. Önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.30



Fundargerð 281. fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 19. september 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes

Á fundinn mættu frá SSNE Albertína F. Elíasdóttir og Kristín Helga Schiöth ásamt Karli Karlssyni ráðgjafa. Kynntu þau stöðu mála varðandi mögulega Líforkugarða með staðsetningu á Dysnesi. Búið er að skipuleggja kynnisferð til Finnlands og Noregs til að skoða söfnun, móttöku og vinnslu dýraleifa, sem og hvernig kerfið blasir við bændum á þeim svæðum. HN stendur til boða að senda fulltrúa í ferðina og tilnefni stjórn HN Ingu Dís Sigurðardóttur formann sem sinn fulltrúa í kynnisferðina.

2. Fjárhagsáætlun HN 2024, fyrri umræða

Hafnastjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2024. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.



3. Framkvæmdaáætlun HN 2024, fyrri umræða

Hafnastjóri lagði fram og kynnti framkvæmdaráætlun HN fyrir 2024. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

4. Tilmæli vegna samkeppnisaðstæðna á flutningamarkaði. Erindi frá bæjarráði.

Bæjarráð hefur vísað til stjórnar HN erindi sem því barst dagsettu 1. september s.l. frá Páli Gunnari Pálssyni forstjóra Samkeppniseftirlitsins þar sem hann upplýsir um lok rannsóknar á samráði á flutningamarkaði. Samkeppniseftirlitið hefur tekið saman álit þar sem fjallað er um málið og er því beint að öllum sveitarfélögum á Íslandi. Bæjarráð óskar eftir samantekt á því hvort og þá hvernig bregðast eigi við umræddum tilmælum. Stjórn HN felur hafnastjóra að gera samantekt vegna málsins fyrir næsta stjórnarfund.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundargerð 282. fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 11. október 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes

a. Umhverfismat hafnarframkvæmda

Bjarki Þór Valberg frá Mannvit tengdist fundinum með rafrænum hætti og fór yfir stöðu mála varðandi vinnu Mannvits varðandi umhverfismat hafnarframkvæmda við Dysnes.

b. Lóðaskilmálar

Bjarki Þór Valberg frá Mannvit kynnti drög að lóðaskilmálum fyrir lóðir í eigu HN.

c. Umsókn um lóð

Lagt fram erindi dagsett 22. september s.l. frá Líforkugörðum ehf kt. 520923-0710 þar sem félagið óskar formlega eftir að fá úthlutaðri lóð númer 411 við Dysnes. Lóðin er iðnaðarlóð, 6.681 fermetrar. Fyrirhuguð starfsemi á lóðinni er móttaka og vinnsla dýraleifa, þ.e. fyrsti fasi líforkugarða. Stjórn HN hefur áður fengið í tvígang kynningu á verkefninu og hefur sett fram fyrirvara sem nýstofnað félag hefur tekið til greina. Stjórn HN telur rétt að áfram verði unnið að mögulegri uppbyggingu á svæðinu og felur hafnastjóra, formanni og varaformanni að funda með Líforkugörðum varðandi viljayfirlýsingu um lóðina.

2. Fjárhagsáætlun HN 2024, síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2024 tekin til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 1.350 mkr., og rekstrargjöld verði 817 mkr án fjármagnsliða. Hagnaður eftir fjármagnsliði og afskriftir er áætlaður 420 mkr. Stjórn HN samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

3. Framkvæmdaáætlun HN 2024, síðari umræða

Framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2024 tekin til síðari umræðu. Helstu verkefni eru: Torfunefsbyggja veituhús, Torfunefsbyggja þekja, Torfunefsbyggja kantur og Torfunefsbyggja lagnir auk minni verka. Frá fyrri umræðu hefur bæst við verkefni varðandi Dysnes. Hlutur HN í verkefnunum er áætlaður 429 mkr. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

4. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnastjóri kynnti stöðu verklegra framkvæmda.

5. Tilmæli vegna samkeppnisaðstæðna á flutningamarkaði. Erindi frá bæjarráði.

Lögð fram greinargerð sem send verður á bæjarráð varðandi stöðu mála hjá Hafnasmalagi Norðurlands bs vegna tilmæla forstjóra Samkeppniseftirlitsins til sveitarfélaga um samkeppnisaðstæður á flutningamarkaði. Ásgeir Örn Blöndal lögmaður hjá Pacta sem vann greinargerðina mætti á fundinn undir þessum lið. Eins og fram kemur í greinargerðinni er staða mála hjá HN í því horfi í dag að stjórn HN telur ekki þörf á sérstökum aðgerðum til að uppfylla tilmæli SKE.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.45



Fundargerð 283. fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 8. nóvember 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Gjaldskrá 2024, umræður.

Ræddar hugsanlegar breytingar á gjaldskrá HN fyrir árið 2024. Hafnarstjóra falið að leggja fram á næsta fundi drög að gjaldskrá HN fyrir árið 2024 í anda umræðna á fundinum.

2. Rútubílastæði, kynning og umræður.

Kynntar hugmyndir af gjaldheimtu á nýju bílastæði hafnarinnar ofan Tangabryggju. Hafnarstjóra falið að skoða málið betur og gera verðkönnun.

3. Samfélagsstyrkur HN 2023.

Samfélagsstyrkur Hafnasamlags Norðurlands fyrir árið 2023 fá:
Hollvinasamtök SAK 1.000.000
Endurbygging Miðgarðakirkju í Grímsey 400.000

4. Land og sjóvarnir.

Með hækkun sjávar og verri veðrum virðist sem ýmsar sjó- og landvarnir séu ekki fullnægjandi. Ljóst er að nauðsynlegt verður að styrkja og hækka varnir á nokkrum stöðum á Akureyri og hafa fulltrúar Akureyrarbæjar, Hafnasamlagsins og Vegagerðarinnar fundað vegna þessa. Vegagerðin er að hanna styrkingu á landvörn á milli ÚA bryggju og Tangabryggju og er stefnt að því að um leið og sú hönnun er tilbúin að bjóða verkið út og reyna að hraða verkinu.

5. Erindi frá hverfisnefnd Grímseyjar.

Tekið var fyrir erindi frá hverfisnefnd Grímseyja frá 1. nóvember s.l. er varðar stuðning við að leysa klósett vandana í Grímsey vegna fjölgunar ferðamanna. Árið 2018 keypti HN salerni og setti upp á hafnasvæðinu og hefur höfnin séð um rekstur þess síðan. Hafnarstjórn telur ekki hlutverk HN að reka salerni utan hafnasvæðis. Stjórn hafnasamlagsins hefur ákveðið að veita samfélagsstyrk til Miðgarðakirkju að upphæð 400 þúsund krónur sem ætlaður er til uppbyggingar á salernisaðstöðu í kirkjunni.

6. Dysnes

Formaður stjórnar kynnti vel heppnaða ferð til Finnlands og Noregs þar sem skoðaðar voru sambærilegar verksmiðjur og líforkugarðar stefna að að reysa á Dysnesi. Fimmtudaginn 2. nóvember s.l. var einnig undirrituð viljayfirlýsing milli HN og Líforkugarða ehf um að unnið verði að uppbyggingu líorkuvers á Dysnesi. Vinna við lóðarskilmála stendur enn yfir og vænta má kynningar á lokadrögum á næsta stjórnarfundum.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.50



Fundargerð 284. fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 13. desember 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á Svalbarðseyri.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

- 1. Gjaldskrá 2024.**
Hafnastjóri lagði fram tillögu að gjaldskrárbreytingu frá 1. janúar 2024. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.
- 2. Rútubílastæði, kynning og umræður.**
Hafnastjóri kynnti hugmynd að samstarfsaðila vegna innheimtu gjalds fyrir afnot af bílastæðum sem eru í umsjón Hafnasamlags Norðurlands. Hafnastjóra falið að ganga frá samkomulagi við Parka.
- 3. Dysnes, lóðaskilmálar.**
Hafnastjóri lagði fram tillögu að lóðarskilmálum fyrir Dysnes. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu og felur hafnastjóra að auglýsa skilmálana á heimasíðu hafnarinnar. Jafnframt að auglýsa lóðir á Dysnesi einnig á heimasíðu hafnarinnar.
- 4. Önnur mál.**
Engin önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.50



Fundargerð 285. fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 14. febrúar 2024 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á Svalbarðseyri.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson. Ásrún tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Breyting á stjórn HN.

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrarbæjar þann 19. desember 2023 var lögð fram tillaga Huldu Elmu Eysteinsdóttur L-lista um breytingu á skipan fulltrúa í stjórn Hafnasamlags Norðurlands. Andri Teitsson verður aðalmaður í stað Jóns Þorvaldar Heiðarssonar. Jóni eru þökkuð góð störf fyrir Hafnaslagið jafnframt sem Andri er boðinn velkominn.

2. Bráðabirgða niðurstaða rekstrar fyrir árið 2023.

Hafnarstjóri kynnti bráðabirgða niðurstöðu rekstrar fyrir árið 2023. Enn liggur ekki fyrir endurskoðaður ársreikningur en stefnt er að því að hann verði lagður fyrir stjórn í apríl n.k. Ljóst að rekstarniðurstaðan verður umfram áætlanir.

3. Tölulegar staðreyndir.

Hafnarstjóri fór yfir tölulegar staðreyndir úr rekstri HN frá 2000 til 2023.

4. Hafnasambandsþing 2024

Hafnaslag Norðurlands er gestgjafi hafnasambandsþings 2024. Þingið verður haldið dagana 24. og 25. október n.k. í Hofi. Hafnaslagið er í krafti veltu með a.m.k. 5 fulltrúa á þinginu.

5. Horfur vegna skemmtiferðaskipa 2024

Hafnarstjóri fór yfir horfur varðandi komur skemmtiferðaskipa til hafna HN. Eins og staðan er núna er reiknað með 9 færri skipakomum til Akureyrar en sumarið 2023. Skipin sem heimsækja Grímsey verða 52 í stað 48 og til Hríseyjar koma 10 skip í stað 8 skipa sumarið 2023.

6. Dysnes

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi Dysnes.

7. Erindi frá sóknarnefnd Akureyrarkirkju.

Borist hefur erindi frá sóknarnefnd Akureyrarkirkju þar sem óskað er eftir stuðningi Hafnasamlags Norðurlands til að fjármagna framkvæmdir við þak safnaðarheimilisins. Jafnframt er þakkað fyrir árlegan styrk HN við rekstur salernis í Akureyrarkirkju. Hafnastjórn getur ekki orðið við því að veita styrk til viðhalds á fasteignum kirkjunnar. Varðandi rekstur salerna í Akureyrarkirkju samþykkir hafnastjórn að styrkja sóknarnefnd fyrir sumarið 2024 um 300.000.-

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.45

Fundargerð 286. fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 13. mars 2024 kl. 16.15 fór fram á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur 2023.

Davíð Búi Halldórsson frá ENOR sat fundinn undir þessum lið og fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur voru 1.395 millj. Rekstrargjöld 848,4 millj þar af afskriftir 97,1 millj., og nettó fjármagnsgjöld 4,4 millj. Hagnaður ársins að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda var 542,4 millj.

Ársreikningurinn var undirritaður og samþykkt að vísa honum til aðalfundar.

2. Styrkbeiðni frá Nökkva.

Tekið fyrir erindi frá 16. febrúar s.l. frá Tryggva Heimissyni formanni siglingaklúbbsins Nökkva þar sem farið er fram á styrk til að endurnýja hluta af öryggisbátum klúbbsins. Hafnastjórn getur ekki orðið við því að veita styrk í umbeðið verkefni.

3. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnastjóri fór yfir stöðu verklegra framkvæmda.

4. Vinnustofa í orkuskipta áætlanagerð.

Varaformaður stjórnar kynnti vinnustofu í orkuskiptaáætlanagerð og skoðunarferð á innleiddum orkuskiptalausnum sem hann sótti fyrir hönd Hafnasamlagsins á eyggi Samsø í Danmörku í tengslum við RECET verkefnið. RECET miðar að því að efla getu sveitarfélaganna og atvinnulífsins til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðin. Stuðst verður við reynslu og aðferðir Energiakademiet frá eygunni Samsø í Danmörku við mótun og þróun aðgerða til orkuskipta á hverju landsvæði fyrir sig.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.



Fundargerð 287. fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 23. apríl 2024 kl. 17.15 fór fram á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi frá Hopp Akureyri.

Stjórn HN hefur borist erindi frá Ársæli Gunnlaugssyni fyrir hönd Hopp Akureyri þar sem fyrirtækið óskar eftir styrk fyrir hluta af kaupum á 10 rafmagnsreiðhjólum. Styrkurinn yrði nýttur til að styrkja og byggja upp betri örflæðissamgönguþjónustu við ferðamenn og aðra á Akureyri. Stjórn HN getur ekki orðið við umsókninni.

2. Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2023.

Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2023 lagður fram til kynningar. Stjórn HN gerir ekki athugasemdir við ársreikninginn.

3. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu verklegra framkvæmda.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest.



Upplifun og viðhorf heimamanna til skemmtiferðaskipa á Akureyri, Ísafirði og í Reykjavík

Könnun unnin haustið 2023 af rannsóknarmiðstöð ferðamála.


Símakönnun dagana 23. október til 6. nóvember.

Hringt var í 2163 einstaklinga og var svarhlutfallið 47%


HN hefur hér einfaldað niðurstöður og fjarlægt þá sem svöruðu hvorki né.

Einnig búið að sameina þá sem svöruðu mjög ósammála og frekar ósammála og síðan frekar sammála og mjög sammála.


Ég tel hafnaryfirvöld í minni heimabyggð ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum




Ég tel mína heimabyggð ráða almennt vel við að þjónusta farþega skemmtiferðaskipa




Ég tel
skemmtiferðaskip
efnahagslega
mikilvæg fyrir
mína heimabyggð




Ég tel að farþegar skemmtiferðaskipa eyði almennt litlu í landi




Ég tel íbúa í minni heimabyggð verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa




Ég reyni að forðast ákveðna staði í minni heimabyggð þegar skemmtiferðaskip eru í höfn



Ég hef áhyggjur af
mengun frá
skemmtiferðaskipum í
minni heimabyggð



Ég vil fá fleiri skemmtiferðaskip í mína heimabyggð



STARFSMENN OG STJÓRN HAFNASAMLAGS NORÐURLANDS BS.

- Bjarki Hreinsson skipstjóri
- Elvar Sigurðsson vélfræðingur
- Gestur Matthíasson vigtarmaður
- Guðmundur Guðmundsson skipstjóri
- Guðni Brynjar Ásgeirsson skipstjóri
- Halldór Jóhannesson vélfræðingur
- Hilmar Þór Guðmundsson vélfræðingur
- Ingbjörg Ósk Þorvaldsdóttir skrifstofumaður
- Jóhannes Antonsson hafnsögumaður
- Karl Róbert Þórhallsson vélfræðingur
- Pétur Ólafsson hafnarstjóri
- Jóhanna Tryggvadóttir verkefna- og markaðsstjóri
- Steinn Karlsson hafnarvörður
- Valur Þórðarson hafnarvörður
- Vignir Traustason hafnsögumaður
- Víðir Már Hermannsson vélstjóri
- Víðir Benediktsson skipstjóri
- Kristinn Frímánn Árnason hafnarvörður Hrísey
- Unnur Ingólfssdóttir hafnarvörður Grímsey
- Inga Dís Sigurðardóttir formaður
- Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður
- Axel Grettisson ritari
- Ásrún Ýr Gestsdóttir
- Ólafur R. Ólafsson
- Sverre Jakobsson
- Andri Teitsson
- Þróstur Friðfinnsson